

## Aðalfundur MS-félags Íslands árið 2023

Aðalfundur félagsins haldinn 9. maí kl. 17.00.

Fundurinn haldinn í húsi félagsins að Sléttuvegi 5, fundurinn er bæði staðfundur og fjarfundur. 20 manns mættu í hús og 8 voru á fjarfundi. Í byrjun fundar voru bornar fram veitingar.

**Hjördís Ýrr Skúladóttir** formaður setti fundinn og bauð fólk velkomið.

### Dagskrá:

#### a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður lagði til **Sigurbjörgu Ármannsdóttur** sem fundarstjóra, samþykkt með lófaklappi. Sigurbjörg þakkaði traustið og tók við fundarstjórn. Fundarstjóri kom með tillögu að fundarritara, **Berglindi Guðmundsdóttur**, samþykkt með lófaklappi. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan.

#### b) Skýrsla stjórnar.

**Hjördís Ýrr formaður** las skýrslu stjórnar. Fór hún yfir helstu þætti í starfi félagsins.

- Breytingar: MS-félagið er skráð Almannuheillafélag frá 22. júlí 2022 og á almannuheillaskrá Skattsins frá 16. mars 2022.
- Þjónusta: Skrifstofa var opin alla virka daga og þar mátti nálgast upplýsingar um námskeið og þjónustu félagsins. Ráðgjöf félagsráðgjafa og sálfræðings var vel nýtt. Fjarviðtöl við félagsráðgjafa og sálfræðing einnig í boði.
- Virk fræðsla: Námskeið og fyrirlestrar. MS þrek og jóga, léttar æfingar á FB, námskeið fyrir nýgreinda og aðstandendur, sjósund, „Sterkari ÉG“, eflandi áhrif sjálfsumhyggju, karlar og MS, þungun og brjóstagjöf.
- Útgáfa. MS-blaðið, gefið út á prenti og rafrænu formi, tvö blöð á ári. Blaðið er sent út til félagsmanna sem þess óska, styrktaraðila, fagaðila og stofnana. Einnig heldur félagið úti heimasíðu, facebook síðu og instagram síðu.
- Viðburðir. Páskabingó, jólaball, hjólagleði, Reykjavíkurmarathon og Alþjóðadagur MS haldinn hátíðlegur með golfmóti á Bakkakotsvelli í Mosfellsdal og fjölskylduskemmtun að venju.
- Erlent samstarf. Félagið er mjög virkt í erlendu samstarfi. Þar ber fyrst að nefna Norræna ráðið en í ár eru Finnar með formennsku og áherslan er á vinnumarkaðinn og MS. Fulltrúar félagsins sóttu ráðstefnur Evrópusamtakanna með áherslu á persónulega umönnun og félagslega stefnu. Félagið sendi fulltrúa ársfund alþjóðasamtaka MS-félaga í London í september og fulltrúi félagsins fór einnig á ráðstefnuna Pathways to Cures í boði bandaríksa MS-félagsins. Þá bauð portúgalska MS-félagið fulltrúum MS-félagsins að taka þátt í verkefni sem það hafði fengið styrk fyrir og fólst í gagnkvæmum kynnisferðum milli landanna. Starfsmenn MS-félagsins og MS-Setursins fóru í námsferð á endurhæfingarsjúkrahúsið í Haslev fyrir MS-fólk og skrifstofur danska MS-félagsins.

- Styrkir og fjárlögun. Þar ber helst að nefna styrki frá ÖBÍ, Heilbrigðisráðuneyti, Reykjavíkurborg og Reykjavíkurþátoni. Fjárlögun félagsins var fyrst og fremst styrkjasöfnun með skattafrádrætti, sala á dagatali og kortum, tekjur frá sölu á auglýsingum og styrktarlínnum í MS-blaðið ofl.
- Úr starfi félagsins. Styrktarsjóður ungra námsmanna veitti 11 styrki á árinu. Spjallhópar á Akureyri, Suðurnesjum og Suðurlandi voru heimsóttir. Fundað var með heilbrigðisráðherra um búsetumál, vel var mætt á samráðsþing í Hörpu um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og félagið tók þátt í gerð landrýnisskýrslu Íslands um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þá taka fulltrúar MS-félagsins virkan þátt í starfi ÖBÍ.
- Stefnumótun. Mótuð var stefna og framtíðarsýn fyrir árin 2023-2027. Unnið var út frá gildunum: jafnvægi, traust, stuðningur og sett fram fjögur meginmarkmið: bætt félag, beitt aðhald, breytt umgjörð, betri ásýnd, sem tengd voru við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 3, 5, 10 og 11. Markmiðið er að vinna að hagsmunum og þörfum MS-fólks á öllum sviðum eftir tímasettri aðgerðaráætlun.
- Fram undan. Á alþjóðadaginn 31. maí verður hefðbundin sumarhátið á Sléttuveginum en einnig sýning á heimildarmynd um bandarísku MS-konu, Lydia Emily ,The Art of Rebellion' í Háskólabíói. Félagið tekur þátt í Reykjavíkurþátoninu 20. Ágúst og þangað kemur stór hlaupahópur að utan undir forystu MS-konunnar Cheryl Hile. Golfmót verður haldið með breyttu sniði 9. sept. á Bakkakotsvelli. Þá verður 55 ára afmælisráðstefna þann 20. sept.
- Skellur. (Ungmennaráðið): Lára Björk Bender formaður mætti á zoom og sagði frá starfinu. Skellur heldur úti facebook síðu, WhatsApp spjallhópi og tölvupósti. Viðburðir: ganga á Úlfarsfell, bílum, Reykjavík Escape, spilakvöld, Sterkari ég námskeið, keila og pizza, fjárlögun á Garníval. Nýjasta MS-blaðið helgað ungu fólk með MS.

c) Endurskoðaðir ársreikningar.

Berglind Sigurðardóttir, gjaldkeri félagsins, fór yfir ársreikningana.

- Rekstrartekjur árið 2022 eru kr. 64.779.837 og rekstrargjöld árið 2022 eru kr. 62.766.188. Hagnaður af rekstri ársins fyrir afskriftir fasteigna er kr. 3.712.521. Afskrift fasteignar er kr. 3.988.578 og tap ársins eftir afskriftir kr. 276.057
- Efnahagsreikningur. Eignir félagsins eru kr. 230.387.201 Þar af er húseign félagsins Sléttuvegur 5 kr. 128.276.758. Eigið fé er ávaxtað í ýmsum sjóðum, m.a. varasjóði, viðhaldssjóði og fræðslusjóði.

Reikningar félagsins eru endurskoðaðir af KPMG og skoðunarmanni félagsins.

d) Umræða um og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og ársreikningum.

Skýrsla stjórnar og ársreikningar borin undir atkvæði. Ein fyrirspurn kom varðandi styrki. Þetta eru námsstyrkir, styrkur til MS-samtaka í Úkraínu og styrkur í söfnun ÖBÍ, Proskahjálpar og Geðhjálpar fyrir fatlaða í Úkraínu. Skýrsla stjórnar og

ársreikningar bornir undir atkvæði og hvort tveggja samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

e) Upphæð árgjalds ákveðin.

Fyrir liggur tillaga stjórnar um að árgjald félagsins fyrir árið 2023 verði óbreytt eða kr. 3.000. Tillaga stjórnar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

f) Lagabreytingar.

Engar tillögur um lagabreytingar hafa borist.

g) Kosning stjórnar, fyrsta og annars varastjórnarmanns.

Stjórn MS-félags Íslands 2021-2022.

Aðalmenn

Hjördís Ýrr Skúladóttir, formaður (*lýkur kjörtímabili og sækist eftir endurkjöri*)

Alvar Óskarsson (*lýkur kjörtímabili og sækist eftir endurkjöri*)

Haukur Dór Kjartansson (*lýkur kjörtímabili – sækist ekki eftir endurkjöri*)

Berglind Sigurðardóttir (kjörin til 2ja ára á aðalfundi 2022)

Berglind Björgúlfssdóttir (kjörin til 2ja ára á aðalfundi 2022)

Varamenn

Eva Þorfinnsdóttir (*lýkur kjörtímabili – sækist ekki eftir endurkjöri*)

Vigdís Ingólfssdóttir (kjörin til 2ja ára á aðalfundi 2022)

Samkvæmt lögum félagsins skal kjósa um formann, tvö sæti í aðalstjórn og eitt í varastjórn.

Í framboði til formanns er:

**Hjördís Ýrr Skúladóttir**

Engin frekari framboð bárust og telst Hjördís Ýrr Skúladóttir því réttkjörin.

Í framboði til aðalstjórnar eru:

**Alvar Óskarsson og Ingibjörg Magnúsdóttir**

Engin frekari framboð bárust og teljast Alvar Óskarsson og Ingibjörg Magnúsdóttir því réttkjörin. Ingibjörg Magnúsdóttir kynnti sig á zoom. Hún er Akureyringur og hefur verið í féluginu frá árinu 2014 þegar hún greindist með MS.

Ekki barst framboð til varastjórnar innan framboðsfrests skv. lögum félagsins, sem er vika fyrir aðalfund, og er fundarmönnum því frjálst að bjóða sig fram hér á fundinum.

**Telma Björg Árnadóttir** mætti á zoom og bauð sig fram til setu í varastjórn. Hún býr í Njarðvík og er bæði með MS greiningu og aðstandandi. Telma Björg boðin velkomin í stjórn.

Fundarstjóri tilkynnir að stjórn MS félagsins Íslands kjörin á aðalfundi 9. maí 2023 sé svohljóðandi:

Hjördís Ýrr Skúladóttir, formaður  
Alvar Óskarsson  
Berglind Björgúlfssdóttir  
Berglind Sigurðardóttir  
Ingibjörg Magnúsdóttir

Varamenn:

Vigdís Ingólfssdóttir  
Telma Björg Árnadóttir

**h) Kosning skoðunarmanna reikninga**

Stjórn leggur til að:

Kristrún H. Ingólfssdóttir, löggiltur  
endurskoðandi hjá KPMG og  
Ingveldur Jónsdóttir séu  
skoðunarmenn reikninga.

Tillaga stjórnar samþykkt með öllum  
greiddum atkvæðum.

**i) Kosning fulltrúa MS-félags Íslands á  
aðalfund ÖBÍ**

Til kjörs eru:

Aðalmenn:

Hjördís Ýrr Skúladóttir  
María Pétursdóttir  
Alvar Óskarsson

Varamenn:

Ingibjörg Snorra  
Berglind Ólafssdóttir  
Dagbjört Anna Gunnarsdóttir

Kjörin með öllum greiddum atkvæðum.

**j) Kosning nefnda**

Ritnefnd:

Berglind Ólafssdóttir er ritstjóri og í  
ritnefnd situr formaður félagsins hverju  
sinni.

Að auki bárust framboð frá:

Berglindi Guðmundsdóttur,  
Bergþóru Bergsdóttur,

Dagbjörtu Önnu Gunnarsdóttur og  
Sigurbjörgu Ármannsdóttur.

Kjörnar með öllum greiddum  
atkvæðum.

Viðburðanefnd:

Framboð bárust frá:

Guðfinnu Konráðsdóttur og  
Lilju Aðalbjörgu Þórðardóttur.

Ekki bárust fleiri framboð og þær  
kjörnar með öllum greiddum  
atkvæðum.

Ungmennaráð:

Framboð til Skells MS  
(Ungmennaráðs) hafa borist frá:

Láru Björk Bender og  
Svanhildi Sigríði Mar.

Á fundinum buðu sig fram:

Eva Þorfinnsdóttir  
Ingveldur Anna Þorsteinsdóttir  
Íris Dröfn Magnúsdóttir

Samþykkt með öllum greiddum  
atkvæðum.

Ungmennaráð skipa:

Lára Björk Bender  
Svanhildur Sigríður Mar  
Eva Þorfinnsdóttir  
Ingveldur Anna Þorsteinsdóttir  
Íris Dröfn Magnúsdóttir

**i) Önnur mál**

Engin önnur mál bárust.

Fundarstjóri þakkar góðan fund og hvetur fundargesti til að taka þátt í starfi félagsins og hafa samband við skrifstofu sé áhugi á því.

Fundarstjóri slítur fundi kl. 18.20

Berglind Guðmundsdóttir

Berglind Guðmundsdóttir, fundarritari

Hjörðís Ýrr Skúladóttir

Hjörðís Ýrr Skúladóttir, formaður

Alvar Óskarsson

Alvar Óskarsson

Berglind Sigurðardóttir

Berglind Sigurðardóttir

Berglind Björgúlfssdóttir

Berglind Björgúlfssdóttir

---

Ingibjörg Magnúsdóttir

Vigdís Ingólfssdóttir

Vigdís Ingólfssdóttir

Thelma Björg Árnadóttir

Thelma Björg Árnadóttir